



Ársskýrsla Síldarminjasafns Íslands ses. 2014

Rekstur safnsins var með líkum hætti og undanfarin ár. Starfsmannahald tók breytingum þegar Steinunn María Sveinsdóttir var ráðin sem fagstjóri safnsins snemma árs. Jón Ragnar Daðason skipasmiður starfaði sem fyrr á safninu hluta úr ári, eða um sjö mánuði. Anita Elefsen var í barnsburðarleyfi lungan úr árinu en sinnti ýmsum mikilvægum verkefnum, ss. bókhaldi. Fimm sumarstarfsmenn önnuðust safngæslu og þrif, auk tveggja sem störfuðu við smíðar. Fastráðnir eru nú við safnið; Anita Elefsen, Steinunn M. Sveinsdóttir og Örlygur Kristfinnsson og sinna þau daglegum rekstri og fjölbreyttum verkefnum.

Aðsókn að safninu var mjög góð á síðasta ári og í samræmi við gestakomur undanfarin ár. Skráðir voru 19.405 gestir. Hlutfall erlendra gesta varð 48% og hefur aldrei verið hærra (t.d. 20% árið 2011 og 32% árið 2012). Sex skemmtiferðaskip komu í sérstaka heimsókn og enn fjölgaði hópum á vegum ferðaskrifstofa. Síldarsaltanir fóru fram á planinu við Róaldsbrakka líkt og tíðkast hefur undanfarin tuttugu ár.

Í september var þess minnst að 25 ár voruð liðin frá stofnun FÁUM, Félags áhugamanna um minjasafn, safnhúsið Róaldsbrakki varð 20 ára, Grána 15 ára og Bátahúsið 10 ára. Vegleg veisla var haldin þar sem fjölmargir stuðningsmenn og velunnarar safnsins komu saman á kaffifundi síðdegis og kvöldsamkomu með menningarlegu sniði. (Nánari fréttir af afmælinu og ýmsu öðru má finna á vefsíðu safnsins, www.sild.is)

Stærsta verkefni ársins var flutningur á Salthúsinu, 19. aldar pakkhúsi, frá Akureyri og endurbygging þess á safnlóðinni. Tvær ferðir voru farnar sjóleiðis á vordögum með húshlutana og þar var þáttur Gunnars Júlíussonar með bát sinn Keili Síldarminjasafninu ómetanlegur. Þann 30. október var endurreisn hússins lokið, þegar það var komið undir þak og orðið fokhelt.

Á árinu var unnið að viðgerð á Njarðarskemmu, steiptir sökklar undir vesturhluta þess, húsgrind styrkt og hafin uppsetning nýrrar sýningar um rafmagnsframleiðslu í þágu síldariðnaðarins.

Lokið var við hönnun á auknum brunavörnum í Róaldsbrakka, en þar verður sett upp úðakerfi á næstu árum. Verkið var boðið út síðsumars og gerður var þriggja ára samningur við Vélsmiðju Ólafsfjarðar sem mun annast uppsetningu á kerfinu á árunum 2015-2017.

Skráning safnkosts í Sarp, menningarsögulegan gagnagrunn, var tekin upp að nýju við ráðningu nýs fagstjóra. Tölusettar voru 167 nýskráningar í aðgangabók og í Sarp var unnið að 226 færslum, sem hver inniheldur einn eða fjölda gripa. Það er safninu mjög mikilvægt að geta unnið skipulega að skráningu á safnkostinum, en með því móti fullnægir safnið þeim kröfum sem Safnalög gera til allra viðurkenndra safna í landinu.

Starfsmenn Síldarminjasafnsins, Anita og Örlygur, luku við gerð nýrrar vefsíðu safnsins í mars. Hönnuðir Hugsmiðjunnar ehf. í Reykjavík lögðu tæknigrunninn og aðstoðuðu á margvíslegan hátt. Síðunni er ætlað að vera aðgengileg, falleg og upplýsandi. Margskonar gáttir má opna og skyggjast um fræðandi efni eða hvers ferðamenn mega vænta á safninu. Þar er um afar margt nýtt og fjölbreytilegt efni að ræða. Allt frá sögu safnsins, söfnunarstefnu þess og ferð fram og aftur um síldarsöguna. Þar eru margskonar myndbönd, eitthvað um safnverslun auk fréttar af safnstarfinu. Vonir eru bundnar við að vefsíðan nýja verði sem flestum að gagni

Rekstur safnsins var töluvert umfangsmeiri en undanfarin ár sökum byggingar á Salthúsinu. Velta ársins nam rúmum 52 milljónum. Reksturinn skilar skv. ársreikningi 1,4 millj. kr. tapi og skýrist það af miklum og dýrum framkvæmdum við Salthúsið. Bankaskuld safnsins vegna framkvæmda undanfarinna ára stendur óbreytt frá fyrra ári.

Siglufirði, 22. apríl 2015